

Þar sem eigi hefir verið mætt af hálfu hinna stefndu, fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 19. okt. 1932.

Nr. 80/1932. **Edward Harald Tang og Árni Riis,**
eigendur firmans Tang & Riis og
þrotabú þeirra (Th. B. Lindal)
 gegn

skiptaráðandanum í Snæfellsness- og
Hnappadalssýslu, Jóni Steingrímssyni
sýslumanni, og Lárusi Jóhannessyni
 (Lárus Jóhannesson).

Skiptaréttarúrskurður staðfestur.

Úrskurður skiptaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 14. maí 1932: Beiðni eigenda firmans Tang & Riis, þeirra: Harald Tang og Arne Riis, um að bú firmans verði tekið til gjaldþrotaskipta af skiptarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, er synjað.

Dómur hæstaréttar.

Með simskeyti 12. maí þ. á. báðu eigendur firmans Tang & Riis, þeir Edward Harald Tang og Árni Riis, sem báðir eru búsettir í Kaupmannahöfn, skiptaráðandann í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að taka bú téðs firma, sem þeir telja í skeytinu heimilisfast í Stykkishólmi, til gjaldþrotameðferðar á Íslandi, með því að það sé ekki fært

um að inna af hendi skuldbindingar sínar. Þ. 14. s. m. var kveðinn upp úrskurður í skiptarétti téðrar sýslu, þar sem neitað var að taka beiðnina til greina, með því að skiptin ættu að lögum að fara fram á heimilisvarnarþingi eigendanna.

Firmað Tang & Riis virðist vera stofnað um áramótin 1918/19. Það er tilkynnt til firmaskrár í Kaupmannahöfn 8. jan. 1919, og segir í tilkynningunni, að eigendurnir Edward Tang og Árni Riis, séu eigendur starfseminnar eða ábyrgir hluttakendur og að firmað reki verzlun án nánari skilgreiningar. Þ. 12. marz s. á., er firmað tilkynnt til firmaskrár í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Segir í þeirri tilkynningu, að áðurnefndir menn báðir til heimils í Kaupmannahöfn, reki í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun og fiskveiðastarfsemi í Stykkishólmi og öðrum verzlunarstöðum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu undir firmanafninu Tang & Riis. Hefir firmað rekið verzlun í Stykkishólmi, á Sandi og víðar, eftir því, sem upplýst er í málinu.

Starfsemi firmans í Kaupmannahöfn var fólgin í því, að skrifstofa þess þar annaðist innkaup á útlendum vörum til verzlana firmans hér á landi og annaðist sölu íslenzkrar vöru, sem verzlanir þess keyptu hér á landi, og setti útsöluverð á útlendu vöruna og ákvað hvað gefa skyldi fyrir íslenzkar vörur. Bankaviðskipti og lánstraust firmans virðist lengstum eingöngu eða aðallega hafa verið í Kaupmannahöfn, og annaðist skrifstofa fimans þar þau mál. Þar var og aðalbókhald firmans og þar voru reikningar þess gerðir og þaðan taldi það fram til tekju- og eignaskatts fyrir verzlanir sínar hér á landi. Verzlunarstjórar firmans

hér virðast ekki hafa haft heimild til að gera annað en það, sem óhjákvæmilegt var til framkvæmdar daglegum rekstri starfseminnar. Eigendur firmans í Kaupmannahöfn virðast yfirhöfuð hafa komið fram út á við fyrir þess hönd, enda höfðu verzlunarstjórar þess hér ekki prokúruumboð. Starfsemi verzlanaanna hér virðist yfirhöfuð ekki hafa farið fram úr venjulegri útibússtarfsemi.

Eftir að reynt hafði verið að komast að samningum við lánardrottna firmans og eigenda þess í Kaupmannahöfn, krafðist einn hinna íslenzku lánardrottna firmans þess, þann 5. ágúst síðastl., að það yrði tekið til gjaldþrotaskipta og tók skiptadeild Sö- og Handelsrettens í Kaupmannahöfn beiðnina til greina þ. 22. þ. m., og var því þá einnig lýst yfir, að hvorugur eigendanna ætti fyrir skuldum, enda voru bú þeirra einnig tekin til gjaldþrotaskipta. Fór nú skiptameðferðin með venjulegum hætti í Kaupmannahöfn.

Með stefnu, útgefinni 30. júní þ. á., skutu fyrrgreindir eigendur firmans áðurnefndum úrskurði skiptaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til hæstaréttar til þingfestingar í septembermánuði síðastl. Þann 19. s. m. ákvað skiptadeild Sö- og Handelsrettens í Kaupmannahöfn, eftir tillögum forsjármanns (Kurators) þrotabús firmans og eigenda þess og lánardrottnanefndar (Kreditorudvalgs) þess, að búið skyldi ganga inn í mál þetta, og var hæstaréttarmálaflutningsmanni hér í bæn um falið að koma fram fyrir hönd búsins hér fyrir dómi. Og hefir þrotabú áðurnefndra aðilja í Kaupmannahöfn gerzt aðili þessa máls fyrir hæstarétti, ásamt oftnefndum eigendum firmans.

Tang & Riis, f. h. firma þessa. Af hendi áfrýjenda hafa þær kröfur verið gerðar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir hinn stefnda skiptaráðanda að taka bú firmans Tang & Riis í Stykkishólmi og víðar til gjaldþrotameðferðar, þannig, að upphaf skiptanna teljist frá 12. maí þ. á., eða til vara frá 22. ágúst s. á. Loks er þess krafizt, að hinir stefndu, skiptaráðandinn og Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður, sem mætti á skiptafundinum 14. maí þ. á. og mótmælti fyrir hönd ýmsra íslenzkra lánardrottna firmans skiptabeiðninni, verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hinir stefndu hafa hinsvegar gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti.

Eins og fyrr segir lögðu forsjarmaður og lánardrottnanefnd þrotabúsins í Kaupmannahöfn til, að búið gerðist aðili þessa máls. Jafnframt fóru þessir aðiljar fram á það, að fjármunir firmans hér á landi yrðu dregnir undir skiptameðferðina í Kaupmannahöfn. Í samræmi við þetta sneri skiptadeild Sö- og Handelsrettens í Kaupmannahöfn sér til hins stefnda skiptaráðanda með bréfi, er hann meðtók 7. þ. m., og fór þess þar á leit við hann, að hann skrifaði upp eignir firmans hér á landi, með því að bú firmans og eigenda þess, Edward Tang og Árna Riis hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta af Sö- og Handelsretten þann 22. ágúst síðastl., og ættu því þessar eignir að koma undir skiptin í Kaupmannahöfn.

Eigendur firmans hafa hvorki í máli þessu né annarsstaðar, að því er séð verður, haft neitt við

ráðstafanir þessar að athuga. Eftir islenzkum réttarreglum virðast þær, þegar vegna þess, hvernig sambandið var milli skrifstofu firmans og starfsemi í Kaupmannahöfn við starfsemi þess hér á landi, sem áður hefir verið lýst, vera lögmætar og einnig framkvæmanlegar, enda kveðst hinn stefndi skiptaráðandi ætla að byrja 11. þ. m. uppskrift á eignum firmans hér, samkvæmt beiðni hins danska skiptaréttar.

Framan nefndar ráðstafanir fara svo í bága við kröfur þær, sem í máli þessu eru gerðar um ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar, og að hinn stefndi skiptaráðandi verði nú skyldaður til að taka eignir firmans hér til sjálfstæðra skipta, að áfrýjendurnir verða að teljast hafa sýnt það með þeim í verki og framkvæmd, að þeir vilji nú una við hinn áfrýjaða úrskurð. Verða kröfur þeirra í máli þessu því ekki teknar til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð samkvæmt kröfu hinna stefndu. Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma áfrýjendurna, Edward Harald Tang og Árna Riis sjálfa og þrotabú þeirra og firmans Tang & Riis, in solidum til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 600 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður skal óraskaður vera. Áfrýjendurnir, Edward Harald Tang og Árni Riis sjálfir og þrotabú þeirra sjálfra og firmans Tang & Riis, greiði in solidum hinum stefndu, skiptaráðandanum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Jóni sýslu-

manni Steingrímssyni, og Lárusi hæstaréttar-málaflutningsmanni Jóhannessyni, kr. 600 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri að-för að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eigendur firmans Tang & Riis, þeir Harald Tang og Arne Riis, báðir til heimilis í Kaupmannahöfn, hafa með símskeyti meðteknu 12. þ. m. farið þess á leit að bú firmans yrði tekið til gjaldþrotaskipta hér í sýslunni, þareð firmað ekki gæti staðið í skilum við skuldheimtumenn sína.

Hæstaréttarmálaflutningsmaður Lárus Jóhannesson, sem hinn 7. og 11. þ. m. hefir lagt löghald á eignir firmans hér í Stykkishólmi og á Sandi, til tryggingar kröfum á hendur því, samtals að upphæð kr. 68.054,85, hefir í skiptaréttinum bókað mótmæli gegn því, að bú firmans verði tekið til gjaldþrotaskipta hér. Byggir hann mótmæli sín á því, að báðir eigendur firmans, sem bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess, eiga heima í Kaupmannhöfn og eigi að skipta því firmans á heimilisvarnarþingi þeirra þar.

Firma þetta er tilkynnt til verzlunarskrárinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu $1\frac{1}{2}\%$ 1919 og er tilkynningin svohljóðandi: Eduard Harald Tang og Árni Riis, báðir til heimilis í Kaupmannahöfn, tilkynna að þeir reki í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun og fiskveiðastarfsemi í Stykkishólmi og öðrum verzlunarstöðum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu undir firmanafninu in „Tang & Riis“. Hver þeirra um um sig ritar firmanafnið þannig „Tang & Riis“.

Skiptarétturinn verður að lita svo á, að þó í firmalög-unum sé ákveðið að varnarþing firma í vissum málum, geti verið þar sem firmað er skrásett, sé eigi hægt að leiða þar af þá almennu reglu að gjaldþrotaskipti á búum firma, sem tilkynnt hafa firma sitt, eigi að fara fram á firmavarnarþinginu. Að visu fara skipti á gjaldþrotabúum fé-laga, þar sem enginn fullábyrgur félagi er, fram á heim-ili firmans, en allt öðru máli er að gegna með félag með

fullábyrgaum félögum, því þar verða skiptin að fara fram á persónulegu varnarpingi félagsmannanna, til þess að persónuleg ábyrgð þeirra á skuldum félagsins verði gerð gild.

Samkvæmt tilskipun $\frac{2}{10}$ 1793 bera skipti þrotabúa undir skiptaráðanda þar, er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust, og í 2. gr. tilskipunarinnar er beint tekið fram, að þegar borgarar eiga heima utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem þeir hafa borgarétt, skuli þúum þeirra skipt af skiptarétti þar sem þeir eru heimilisfastir.

Samkvæmt framansögðu verður skiptarétturinn að lita svo á að þú firmans Tang & Riis verði að skipta á heimilisvarnarþingi eigendanna, sem er í Kaupmannahöfn, og verður því krafa eigenda firmans um að þú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta hér á Íslandi ekki tekin til greina.

Mánudaginn 24. okt. 1932.

Nr. 47/1932. **Valbjörg Kristmundsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

gegn

Páli Þorleifssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. febr. 1932: Synji Páll Þorleifsson, bóndi á Hjarðarbóli í Eyrarsveit, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu fyrir það með eiði, að hafa haft holdlegt samræði við Valbjörgu Kristmundsdóttur á tímabilinu frá 10. sept. til 29. nóvember 1929, skal hann vera sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól $\frac{2}{10}$ 1930 og skýrt var Emil Ottó.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Valbjörg Kristmundsdóttir, hefir með stefnu, 4. apríl þ. á., og að fenginni gjafsókn